

4. Eftirtalið lyfjaform hefur verið tekið af markaði:
SOFRAMYCIN (Roussel, 878) krem.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

9. ágúst 1974.

Nr. 253.

SAMÞYKKT

um fundarsköp fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Stykkishólmshrepps eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra. Þeir ræða og gera ályktanir um sveitarmálefni svo og önnur mál, ef nauðsyn krefur.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna skv. gildandi sveitarstjórnarlögum.

2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum svo og kosning starfsmanna í nefndir. Hreppsnefnd ákveður þóknun nefndarmanna, sbr. 14. gr. og 28. gr.

Enn fremur ræður hreppsnefnd fundarritara.

3. gr.

Oddviti stjórnar fundum og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum.

Fundarmönnum er skylt að hlíta úrskurði hans, þó má skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum.

Fundarritari heldur gerðabók hreppsnefndar undir umsjón oddvita, sem sér um að hún sé rétt og skipulega færð. Að loknum fundi skal fundargerðin lesin upp og viðstaddir fundarmenn undirrita hana. Hver fundarmaður, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

4. gr.

Oddviti boðar hreppsnefndarfundi, eða sveitarstjóri í hans umboði, og ákveður stað og stund. Reglulega fundi skal halda fyrsta föstudag í mánuði kl. 17.00 og standa eigi lengur en til kl. 19.30, nema hreppsnefnd samþykki framlengingu þeirra. Heimilt er að fella niður reglulega fundi í mánuðunum júlí og ágúst. Farist reglulegur fundur fyrir vegna helgi eða annarra ástæðna, skal hann haldinn einhvern næsta virkan dag þar á eftir. Aukafundi skal halda svo oft sem oddvita eða sveitarstjóra þykir þörf vera á. Þó skal jafnan boða til aukafundar, ef a. m. k. þrír hreppsnefndarmenn óska þess. Leitast skal við að boða aukafundi með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrártillögu fundar í samráði við oddvita. Dagskrártilagan skal borin upp í fundarbyrjun. Röð mála á dagskrá getur hreppsnefnd breytt

með ályktun sinni, svo og felld mál af dagskrá. Einnig getur hún ákveðið með samþykki allra hreppsnefndarmanna að mál, sem eigi er á dagskrá verði tekið á hana. Sveitarstjóri skal senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá reglulegs fundar, er greini erindi þau er fyrir fundinn eiga að koma, tveim sólarhringum fyrir fund. Hafi hreppsnefndarmaður forfallast, en ekki gert sveitarstjóra viðvart áður en fundarboð er sent út, skal hann sjálfur sjá um að varamanni berist fundarboð í tæka tíð.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá fundar, en skyld er honum að gera það skriflega og með þeim fyrirvara, að hægt sé að greina frá því í fundarboði.

6. gr.

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

- a) Hina árlegu fjárhagsáætlun hreppsins.
- b) Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
- c) Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra eða sýslunefndar.
- d) Beiðnir um aðstoð til handa hreppnum.

Rétt er við síðari umræðu fjárhagsáætlunarinnar, að hún sé rædd lið fyrir lið og greidd atkvæði um hana þannig, og síðan áætlunina í heild. Fundir hreppsnefndar um mál þau, er grein þessi tekur til, skulu ávallt haldnir í heyranda hljóði.

7. gr.

Fastir fundir hreppsnefndar skulu haldnir í heyranda hljóði. Dagskrá slíkra funda skal boðuð með uppfestum auglýsingum með sama fyrirvara og gildir um dagskráartilkynningar til hreppsnefndarmanna.

Aheyrendur á slíkum fundum eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir og mega ekki láta í ljós ánægju sína né vanþóknun um það, sem á fundi gerist. Þrjóti nokkur á móti þessu, getur oddviti látið vísa honum út úr fundarsalnum, og ef þörf gerist, látið ryðja salinn. Sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður getur óskað þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker hreppsnefnd úr um það með afli atkvæða, hvort svo skuli gert. Hvorki sveitarstjóri né hreppsnefndarmaður mega skýra óviðkomandi aðiljum frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, er rædd eru þannig fyrir luktum dyrum.

8. gr.

Fundarmaður, sem taka vill til máls, skal snúa sér til oddvita og leyfir hann venjulega fundarmönnum að taka til máls í þeirri röð, er þeir æskja.

Þó má hann breyta út af því, er til framsögumanns eða flutningsmanns kemur, svo og til þess, að umræður með eða móti málefni skiptist á, eða til þess að fundarmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir hann sjálfan. Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma, ræður oddviti í hverri röð fundarmaður skuli taka til máls.

9. gr.

Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi á fundum, en gæta skal hann fundarskapa. Flutningsmaður máls má ekki tala oftari en þrisvar við hverja umræðu máls, og aðrir hreppsnefndarmenn ekki oftari en tvisvar. Þó er fundarmanni heimilt að biðja sér hljóðs, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæslu fundarskapa.

Ræðumaður standi við sæti sitt meðan hann flytur mál sitt.

10. gr.

Ræðumaður skal halda sér við það mál, sem til umræðu er. Hann skal varast að meiða menn eða hafa ósemileg orð. Ef hann bregður út af þessu, skal oddviti

víta það og nefna ummælin. Nú er fundarmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá oddviti, með samþykki hreppsnefndarmanna, svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

11. gr.

Sveitarstjóri og sérhver hreppsnefndarmaður hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingatillögur við það mál, sem til umræðu er. Tillögur skulu vera skriflegar og skal veittur hæfilegur tími til að semja þær.

12. gr.

Ef umræður um eitt mál dragast úr hófi fram, getur fundarmaður óskað eftir að þeim verði hætt og sker hreppsnefnd úr um það umræðulaust.

13. gr.

Ekki má hreppsnefnd gera ályktun um nokkur mál, nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé á fundi og greiði atkvæði um það.

14. gr.

Enginn hreppsnefndarmaður má greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs síns, eða í máli, sem varðar hagsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi.

Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál er svo vaxið, sem nú var sagt.

15. gr.

Oddviti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt, í hvaða röð og innra sambandi hún fer fram.

Þó getur hreppsnefnd, ef meiri hluti hennar krefst þess, breytt ákvörðun oddvita. Krefjast má, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

16. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Verði jöfn atkvæði, telst ályktun fallin, en um kosningar ræður hlutkesti. Skyllt er hverjum hreppsnefndarmanni að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu og taka þátt í henni, nema hann hafi lögmet forföll, hafi hann verið á fundi, þegar ályktunin var rædd.

17. gr.

Nú er mál útrætt, og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðslan fer venjulega fram þannig, að hver hreppsnefndarmaður réttir upp aðra hönd sína. Nafnakall skal viðhafa, ef einn hreppsnefndarmanna óskar þess áður en til atkvæðagreiðslu kemur, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir oddviti síðastur atkvæði.

18. gr.

Auk fastra nefnda, sem hreppsnefnd kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í það mál, sem á dagskrá er. Fer um kosningu slíkra nefnda eins og fastra nefnda, eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, eins og segir í 2. gr. fundarskapa þessara.

19. gr.

Hreppsnefnd skal að öllu jöfnu leita umsagnar nefnda um einstök mál áður en hún endanlega afgreiðir þau.

20. gr.

Formenn nefnda kalla þær saman. Ef eigi er sjálfkjörinn formaður í nefnd, kallar sá nefndina saman í fyrsta sinn, sem flest fékk atkvæði við nefndarkosninguna.

Á fyrsta fundi hverrar nefndar skal hún kjósa sér formann og ritara. Formenn nefnda kalla þær síðan saman og hafa þeir á hendi stjórn á fundum þeirra. Ritarar nefnda rita fundargerðir þeirra, og er þeim skylt að skila til hreppsnefndar úrdrætti úr þeim. Um leið og nefnd lýkur starfi, kýs hún sér úr hópi nefndarmanna framsögumann. Minni hlutar nefnda hafa framsögurétt.

21. gr.

Skrá yfir fastar nefndir skal jafnan vera fest upp í fundarsal hreppsnefndar.

22. gr.

Sveitarstjóri sér um afgreiðslu og framkvæmd allra mála, sem hreppsnefnd eða fastar nefndir gera ályktun um, nema að þau séu af hreppsnefnd falin einstökum mönnum.

23. gr.

Ef vafi leikur á, um hvernig beri að skilja fundarsköp, sker hreppsnefnd úr um það.

24. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir bera til, ef meiri hluti mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

25. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum hreppsnefndar, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Réttindi og skyldur hreppsnefndarfulltrúa.

II. KAFLI

26. gr.

Hverjum hreppsnefndarfulltrúa er skylt að sækja fundi hreppsnefndar, nema lög-mæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum, t. d. formannsstörf, setu í hreppsráði eða öðrum nefndum, ritarastörf o. s. frv. Sá, sem verið hefur oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

27. gr.

Hreppsnefndarfulltrúunum er heimilt að kynna sér skjöl hreppsins.

28. gr.

Hver hreppsnefndarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þóknun ákveðst í desember ár hvert.

29. gr.

Ef hreppsnefndarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kjörinn. Hafi hann engan tilgreint, fer um varamann samkv. 2. og 3. gr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

30. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá starfi.

Hreppsráð.**III. KAFLI****31. gr.**

Að afloknum hreppsnefndarkosningum skulu kosnir blutfallskosningu þrjú hreppsnefndarfulltrúar í hreppsráð og jafnmargir til vara.

Þó mega varamenn vera úr hópi fyrstu varahreppsnefndarfulltrúa. Kjörtími hreppsráðs er eitt ár og fer kosning fram í júnimánuði. Hreppsráð kýs sér formann og ritara. Kjósa má sveitarstjóra formann, þó hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Hreppsráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Kveðja skal hreppsráð saman til aukafundar, ef sveitarstjóri telur ástæðu til, eða einhver hreppsráðsmaður óskar. Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sér um, að fundarboð sé tilkynnt hreppsráðsmönnum með að minnsta kosti sex stunda fyrirvara.

Formaður sér um að allt fari löglega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál út af fundarsköpum. Í gerðabók skal greint frá hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Þar skal greint frá dagskrármálum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá. Um fundarsköp hreppsráðs fer eftir sömu reglum og gilda um hreppsnefnd, eftir því sem þær geta átt við.

32. gr.

Hreppsráði er heimilt að ráða til lykta málum, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé ekki ágreiningur í hreppsráði, né við hreppsnefnd, um afgreiðsluna.

33. gr.

Hreppsráð hefur eftirlit með fjárstjórn hreppsins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun og sér um, að ársreikningar séu samdir. Undir hreppsráð heyra öll málefni, sem ekki eru falin sérstökum nefndum.

34. gr.

Skýlt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, þegar til umræðu eru málefni, er störf þeirra snerta, og þess er óskað af sveitarstjóra eða hreppsráði.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.